



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í kvöldverði til heiðurs
forsætisráðherrum á Norðurlöndum**

20. ágúst 2019

Ágætu forsætisráðherrar,
sendiherrar og sendimenn,
aðrir góðir gestir,
kæru norrænu vinir!

Við Eliza bjóðum ykkur hjartanlega velkomin til þessa kvöldverðar á Bessastöðum. Ég vona að þið munið njóta þessarar kvöldstundar hér, í norrænum vináttuanda. Og reyndar má segja að þegar horft er til sameiginlegrar sögu Íslands og Norðurlanda sé vandfundinn betri sjónarhóll en Bessastaðir.

Hingað barst upplýsingin að utan, með viðkomu í Danaveldi. Um miðja átjándu öld mun amtmaðurinn Jóhann Kristján Þingel hafa látið rækta hér grænmeti í stórum stíl, kál, rófur og svo mikið af sykurertum að nægði á borð vetrarlangt. Skömmu síðar uppskar Friðrik Hastfer barón fyrstu íslensku kartöflurnar hér á nesinu og Thodal stiftamtmaður sáði kúmeni í akur og má enn sjá merki þess.

Hér hófst einnig öflugt vísindastarf. Niels Horrebow, sá mikilsvirti vísindamaður, reiknaði svo út hnattstöðu Bessastaða um miðja átjándu öld, mældi loftþrýsting og hita um nokkurra ára skeið – og kvaðst hissa á hvað hér væri hlýtt.

Undir lok aldarinnar tók norski guðfræðingurinn og stjörnuskoðarinn Rasmus Lievog aftur upp þennan þráð og rýndi að auki í gang himintunglanna. Um svipað leyti hélt ungur sænskur biskupssonur, Uno

von Troil, í Íslandsreis, og bar að landi hér á Bessastaðanesi eins og hann skrifaði til vinar heima:

[Við] vörpuðum akkerum úti fyrir Bessastöðum. ... Okkur þótti sem við værum komnir í annan heim. ... Varla getur nokkurt land, sem náttúran hefur búið jafn fátæklega að, og þar sem hún birtist í jafn geigvænlegum myndum. ... Íslendingar eru menn ákaflega góðlyndir og heiðarlegir, en ... svo þungbúnir eru þeir, að mig minnir, að ég sæi þá sjaldan hlæja.

Sagði Svíinn, en kæru gestir: Ég ætla ekki að þreyta ykkur með langri romsu um Bessastaði og öll hin norrænu tengsl sem hér má finna. Þegar lýðveldi var stofnað á Íslandi varð þessi sögulegi staður aðsetur forseta og æ síðan hafa góðir gestir verið velkomnir hér, ekki síst þeir sem tilheyra hinni norrænu fjölskyldu okkar, vinir frá Finnlandi og Álandseyjum í austri, frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku og næstu grannlöndum okkar, Færeyjum og svo Grænlandi, órjúfanlegum og sérstökum hluta Norðurlanda. – Leyfið mér einmitt að nefna hér undir lokin að við vorum í þessum sal, ég og hópur grænlestra skólabarna, þegar hið fræga eða alræmda víkingaklapp – hú! – var tekið hér, í fyrsta og hingað til eina skiptið.

Kæru norrænu vinir, kæru forsætisráðherrar: Á sumarfundi ykkar í dag var meðal annars fjallað um loftslagsmál, náttúru og umhverfisvernd. Mér finnst eins og sagan af Bessastöðum eigi hér eitthvert erindi – sagan af sjálfbærum umbótum og vísindastarfi. Héðan getum við líka séð snæhettu Snæfellsjökuls handan Faxaflóa, í það minnsta í nokkra áratugi í viðbót. Hér fyrir neðan salinn erum við að fylla skurði sem voru grafnir á sínum tíma en koma ekki að gagni lengur. Með því að endurheimta mýrar bindum við kolefni og leggjum þannig okkar af mörkum í baráttunni gegn hlýnun jarðar af mannavöldum.

Auðvitað hefur þessi viðleitni líka táknrænan tilgang og þið sem starfið á vettvangi stjórn mála vitið um vægi táknrænna aðgerða – en svo verður að varast að þær séu ekki innantómar.

Víst er að við stöndum andspænis áskorunum og vandamálum sem verða ekki leyst nema við tökum höndum saman, nýtum samtakamáttinn. Og það sem sameinar okkur hér á Norðurlöndum er í raun viðameira en það sem aðskilur okkur.

Það liggur við að það sé eiginlega bara tungumálið sem við eigum ekki sameiginlegt. Ég hef heyrt af að eitt sinn hafi nánast soðið upp úr á norrænum fundi þegar fulltrúar ákveðinnar þjóðar töluðu svo hratt að vart heyrðust orða skil, með samhljóðana lengst niðri í maga. Sögunni fylgdi

að Finnarnir hótuðu þá víst að tala bara sína finnsku en sátt náðist um síðir. Þegar fólk sýnir í raun og sann norrænan samstarfsvilja er það umburðarlynt og opið, skilningsríkt og víðsýnt.

Við þetta hátíðlega tilefni hér á Bessastöðum er sjálfsagt að mæla á norrænni tungu og mörg getum við spjallað á „skandinavísku“. En tímarnir breytast og mennirnir með. Víða á Norðurlöndum finnur maður að yngri kynslóðinni þygi hentugra að tala ensku við aðra Norðurlandabúa, jafnvel skynsamlegra og sanngjarnara. Við viljum jú standa jafnfætis öðrum í okkar norræna vináttuanda.

Kæru vinir: Eftir alla þá karlarunu, sem ég þuldi áðan – um amtmann, stiftaftmann og barón – er gaman og gott að skyggnast hér um bekki og sjá svo marga kvenkyns forsætisráðherra og sendiherra í hópnum. Við erum á réttri leið til aukins jafnréttis. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar í ykkar vandasömu störfum og bið ykkur að rísa úr sætum og lyfta glösum; skálum fyrir norrænni samvinnu, samvinnu sem má ekki staðna og stirðna, heldur þróast og þroskast á nýrri öld.